

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Kjarnholts 1. Lögbýli í stað frístundahúsalóða.

Í breytingunni felst að deiliskipulagið, sem í dag nær yfir fimm frístundahúsalóðir auk svæðis ætlað til beitar, skógræktar, jarðyrkju eða annarrar frístundaiðju, breytist að hluta til í landbúnaðarsvæði þar sem stofnað verður nýtt lögbýli. Á landbúnaðarsvæðinu sem mun ná til alls svæðisins utan lóða I og II er gert ráð fyrir að í stað frístundahúss verði heimilt að reisa íbúðarhús, skemmu og/eða útihús auk þess sem heimilt verður að vera með minniháttar ferðaþjónustu í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. júní 2014.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2014